

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 162/2004

frá 3. desember 2004

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 142/2004 frá 29. október 2004 ⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/102/EB frá 17. nóvember 2003 um vernd fótgangandi og annarra óvarinna vegfarenda í undanfara árekstrar og við árekstur við vélknúð ökutæki og um breytingu á tilskipun ráðsins 70/156/EBE ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/90/EB frá 23. desember 2003 um tækniforskriftir fyrir framkvæmd 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/102/EB um vernd fótgangandi og annarra óvarinna vegfarenda í undanfara árekstrar og við árekstur við vélknúð ökutæki og um breytingu á tilskipun ráðsins 70/156/EBE ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Ákvæði I. kafla II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliðir bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 70/156/EBE):
 - „- **32003 L 0102**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/102/EB frá 17. nóvember 2003 (Stjtið. ESB L 321, 6.12.2003, bls. 15),
 - **32004 D 0090**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/90/EB frá 23. desember 2003 (Stjtið. ESB L 31, 4.2.2004, bls. 21).“
2. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 45zc (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/97/EB):
 - „45zd. **32003 L 0102**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/102/EB frá 17. nóvember 2003 um vernd fótgangandi og annarra óvarinna vegfarenda í undanfara árekstrar og við árekstur við vélknúð ökutæki og um breytingu á tilskipun ráðsins 70/156/EBE (Stjtið. ESB L 321, 6.12.2003, bls. 15).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 102, 21.4.2005, bls. 8 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 20, 21.4.2005, bls. 5.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 321, 6.12.2003, bls. 15.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 31, 4.2.2004, bls. 21.

45ze. **32004 D 0090**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/90/EB frá 23. desember 2003 um tækniforskriftir fyrir framkvæmd 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/102/EB um vernd fótgangandi og annarra óvarinna vegfarenda í undanfara árekstrar og við árekstur við vélknúð ökutæki og um breytingu á tilskipun ráðsins 70/156/EBE (Stjtið. ESB L 31, 4.2.2004, bls. 21).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2003/102/EB og ákvörðunar 2004/90/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 4. desember 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. desember 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

Kjartan Jóhannsson

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

Ø. Hovdkinn M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.